

Fundargerð tólfta fundar skráningarráðs Gegnis fimmtudaginn 25. nóvember 2004

haldinn í kennslustofu 4. hæð í Þjóðarbókhöfðu, kl. 14-16

Fundarmenn: Auður Gestsdóttir (fundarritari), Guðný Ragnarsdóttir, Hulda Ásgrímsdóttir, Þóra Sigurbjörnsdóttir (formaður) og Þórdís T. Þórarinsdóttir.

Auk þess sátu fundinn Ragna Steinarsdóttir, ritstjóri efnisorða, Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir sérfræðingur hjá Landskerfi bókasafna.

Fundurinn hófst á því að Þóra Sigurbjörnsdóttir bauð Huldu Ásgrímsdóttur velkomna til starfa í skráningarráði.

1. Kosning formanns

Hildur, Ragna og Sigrún viku af fundi. Þóra Sigurbjörnsdóttir var einróma endurkjörin formaður.

2. Fundargerð síðasta fundar

var samþykkt.

3. Lágmarkskröfur um kóðun fyrir mismunandi efnisform

Hildur og Ragna lögðu fram drög að lágmarkskóðun í 008-sviði marksniðsins. Einnig lista yfir ýmsa minnispunkta varðandi skráningu. Farið var yfir drögin lið fyrir lið fyrir kóðun bóka/texta og hljóðbóka. Voru drögin fyrir lágmarkskóðun samþykkt með örlitlum orðalagsbreytingum. Ákveðið var að halda áfram að fara yfir lágmarkskóðun á næsta fundi.

4. Skemmri skráning.

Sigrún lagði fram skjal varðandi skemmri skráningu þar sem kom fram m.a.:

“Mörg söfn hafa ekki skráningarheimild en eru samt sem áður með efni sem þarf að skrá. Skemmri skráningin er allt of rýr svo að söfnin þurfa að koma bókfræðilegum upplýsingum áleiðis til þeirra sem fullskrá færsluna. Skráningarráð þarf að ákveða hvaða upplýsingar þurfa að fylgja svo að hægt sé að fullskrá færslu.”

Sigrún sagðist hafa beðið stjórn Aleflis að móta reglur um hver skuli skrá fyrir hvern og einnig að setja fram gjaldskrá fyrir skráningu. Frekari umræðum um skemmri skráningu var frestað.

5. Greiniskráning tímarita.

Auður lagði fram minnispunkta frá fundi hennar, Rögnu og Gróu um greiniskráningu tímarita.

Ragna lagði fram lista frá Gróu yfir íslensk tímarit sem búið var að greiniskrá 1. apríl 2004. Skráningarráð var þegar búið að fá lista yfir tímarit sem höfðu verið skráð í Borgarbókasafni, Kennaraháskóla Íslands og lista yfir tímarit sem Bókasafn Landspítala óskaði eftir að taka að sér að greiniskrá.

6. 856 sviðið

Skráningarráð tilnefnir Fanneyju Sigurgeirsdóttur og Helgu Kristínu Gunnarsdóttur til að starfa með áhugahóp um 856 sviðið.

Fundi lauk kl. 16.10.